

Gæðaskýrsla MúltíKúltí 2026

Inngangur

Á síðustu árum hefur MúltíKúltí lagt ríka áherslu á stöðugar umbætur á kennslu, námsefni, kennsluháttum og þjónustu við nemendur. Markmið gæðastarfsins er að tryggja að námsefnið taki mið af þörfum nemenda, að kennarar hafi skýrar leiðbeiningar og stuðning í starfi og að nemendur fái fjölbreytt tækifæri til að æfa íslenskuna bæði innan og utan kennslustunda.

Unnið hefur verið markvisst að því að endurskoða og endurnýja námsefni, próa ný námskeið, bæta aðstöðu og verkfæri kennara og nemenda og auka fjölbreytni í kennslunni. Gæðastarfið byggist meðal annars á reglulegri endurskoðun námsefnis og samtali innan kennarahópsins.

Endurskoðun og þróun námsefnis

Mikil vinna hefur verið lögð í að endurskoða námsefni skólans og laga það að þörfum nemenda. Árið 2024 kom í ljós að námsefnið í Íslensku 3 var orðið umfangsmikið og námskeiðið of krefjandi fyrir marga nemendur. Í kjölfarið var ákveðið að skipta námskeiðinu upp í tvö stig.

Íslenska 3 varð því að nýju Íslensku 3 og Íslensku 4. Með þessu fjölgaði heildarfjölda íslenskunámsstiga úr sex í sjö. Breytingin gaf jafnframt tækifæri til að dreifa námsefni frá öðrum námsstigum yfir á fleiri stig. Þannig er hægt að hægja á yfirferðinni, gefa nemendum meiri tíma til æfinga og tryggja að einstök málfræðiatríði fái nægilegt rými.

Þessi breyting er liður í því að laga námsefnið betur að námsframvindu nemenda og skapa traustari grunn áður en farið er yfir í flóknari atriði.

Kennarafundir hafa verið haldnir tvisvar á ári þar sem farið er yfir námsefnið og rætt hvað megi betur fara. Þessir fundir hafa reynst mikilvægur vettvangur fyrir endurgjöf og stöðugar umbætur. Á grundvelli umræðna kennara hefur töluvert af námsefninu verið endurskoðað, breytt og endurnýjað.

Námsefnið er því ekki litið á sem fastmótað heldur er það stöðugt undir smásjá og tekið til endurskoðunar eftir því sem reynsla kennara og þarfir nemenda gefa tilefni til.

Myndskreyting og aðgengi að námsefni

Unnið hefur verið að því að gera námsefnið aðgengilegra og áhugaverðara fyrir nemendur með aukinni myndskreytingu.

Grafíski hönnuðurinn Maya Takahashi var fengin til að myndskreyta hefti skólans. Hún myndskreytti heftið fyrir Íslensku 1 árið 2025 og lauk við myndskreytingar á heftinu fyrir Íslensku 2 sumarið 2026.

Markmiðið með myndskreytingunum er meðal annars að gera námsefnið lifandi og sjónrænt og auðvelda nemendum að tengja orð, texta og málfræðiatrði við myndrænt samhengi, auk þess að samræma útlit kennsluheftanna.



Hljóðupptökur og QR-kóðar

Í þróun kennsluefnisins felst einnig að taka upp texta kennsluheftanna á hljóðupptökur. Með þessu fá nemendur tækifæri til að hlusta á textana og heyra réttan framburð þeirra.

Hljóðupptökurnar hafa verið tengdar við námsefnið með QR-kóðum sem settir eru inn í heftin. Nemendur geta því notað síma eða annað tæki til að nálgast hljóðefnið beint úr heftinu.

Þetta eykur möguleika nemenda á sjálfstæðri þjálfun og gerir þeim kleift að æfa hlustun og framburð utan kennslustunda.

Búið er að taka upp alla texta í Íslensku 1 og 2 en næst á dagskrá er að taka upp fyrir íslensku 3.

Ný námskeið

Á tímabilinu hefur verið unnið að þróun og uppbyggingu nýrra námskeiða sem taka mið af mismunandi þörfum nemenda.

Talnámskeið

Nýlega var sett á laggirnar sérstakt talnámskeið. Kennarinn Marielle Lóa Mariéthoz hefur haft umsjón með hönnun námsefnisins og kennslu námskeiðanna og jafnframt leiðbeint öðrum kennurum um hvernig kennslan skuli fara fram.

Námskeiðin eru ætluð nemendum sem hafa lokið Íslensku 3 og hafa því öðlast nægilegan grunn í íslensku til að taka virkari þátt í samræðum.

Með talnámskeiðunum er lögð meiri áhersla á að nemendur nýti þá íslensku sem þeir hafa lært í raunverulegum samskiptum. Þetta er mikilvægt skref í átt að því að tengja formlegt málanám við notkun málsins í daglegu lífi.

Námskeið fyrir starfsfólk í umönnun

Sótt var um styrk til að þróa sérstakt íslenskunámskeið fyrir fólk sem starfar við umönnun. Kennarinn Bylgja fékk verkefnið að hanna námsefnið og kenna prufunámskeið.

Með þessu verkefni var leitast við að þróa námsefni sem tekur mið af sértækum orðaforða, samskiptum og aðstæðum sem koma upp í störfum við umönnun.

Námskeið fyrir starfsfólk í afgreiðslustörfum

Jafnframt er unnið að hönnun námsefnis fyrir starfsfólk í afgreiðslustörfum. Námskeiðið er ekki fullklárað en stefnt er að því að það fari í prufukeysrslu fljótlega.

Markmiðið er að þróa sérhæft íslenskunám sem nýtist fólki í daglegum samskiptum við viðskiptavinum og samstarfsfólk.

Nýtt kennslumál

Kennarinn Vincent John Andrade hóf störf hjá MúltíKúltí með það að markmiði að kenna íslensku fyrir filippseyskumælandi nemendur. Með ráðningu hans bættist þannig við eitt nýtt tungumál sem íslenska er kennd á.

Þetta eykur fjölbreytni í þjónustu skólans og gerir honum kleift að mæta betur þörfum nemenda með ólíkan tungumálabakgrunn.

Ný handbók fyrir kennara

Ein af mikilvægustu umbótunum í innra gæðastarfi skólans var gerð nýrrar handbókar fyrir kennara. Markmið handbókarinnar er að samræma vinnubrögð, tryggja að kennarar hafi aðgang að nauðsynlegum upplýsingum og auðvelda nýjum kennurum að komast inn í starfshætti skólans.

Í handbókinni er meðal annars fjallað um:

- almenna kennsluhætti og gildi skólans
- laun og önnur hagnýt atriði tengd starfinu
- hvað þarf að gera í upphafi námskeiðs
- hvað þarf að gera í upphafi hvers kennslutíma
- tæknimál og notkun skólatölva
- hvernig kennsla með nemendum á netinu fer fram
- mætingarskyldu nemenda, sveigjanleika og skírteini í lok námskeiðs
- afleysingar og tilfærslu kennslustunda
- gagnlegt aukaefni fyrir nemendur, svo sem leiki, hlustunaræfingar, hlutverkaleiki, almennt spjall og spil

- prófayfirkomulag, þar á meðal prófreglur, æfingapróf og framkvæmd prófa fyrir nemendur á netinu
- verklag við lok námskeiða
- ýmis hagnýt mál, svo sem tækni- og ágreiningsmál, stofur, kaffistofu og hólf kennara

Handbókin styrkir þannig samræmi í kennslu og skapar skýrari ramma utan um dagleg störf kennara.

Stafræn þróun og sjálfstætt nám nemenda

MúltíKúltí hefur einnig unnið að þróun stafrænna lausna sem gera nemendum kleift að æfa íslensku sjálfstætt. Unnið var að því að útbúa æfingasíðu á vefsíðu skólans þar sem nemendur geta æft málfræði sem kennd er í heftunum. Þar eru 29 mismunandi æfingar.

Æfingarnar ná meðal annars yfir:

- framburð
- nútíð og þátíð sagna
- fallbeygingu
- tölur
- fleirtölu
- lýsingarorð
- kyn
- eignarfornöfn
- viðtengingarhátt

Æfingarnar byggjast á orðabönkum þar sem nemendur fá orð af handahófi og þurfa að breyta þeim á mismunandi hátt, til dæmis eftir kyni, falli eða tíð.

Þessi nálgun eykur fjölbreytni í æfingum og gerir nemendum kleift að æfa sama málfræðiatríði ítrekað með mismunandi orðum.

Íslenskuæfingar

Veldu stig

Islenska 1
Islenska 2
Islenska 3
Islenska 4
Islenska 5
Islenska 6

Veldu æfingu

Orðaróð
Fleirtala
Dagsetningar
Forsetningar
Boðhátur

Fleirtala

☒ Bara regluleg orð
☐ Öregluleg orð með

☐ Sýna kyn

☐ Ákveðinn greinir

Settu þetta orð í fleirtölu: **gjör**

Nytt orð
Sýna svar

Leikjavæðing náms

Til viðbótar við æfingasíðuna er unnið að því að þróa leik fyrir nemendur sem byggir á sömu hugmyndafræði.

Markmiðið er að kennari geti búið til leik á netinu sem nemendur tengjast í gegnum síma. Kennarinn getur síðan skipt nemendum í lið og látið þá keppa sín á milli með því að leysa ýmis íslenskuverkefni.

Leikurinn er hugsaður sem skemmtileg viðbót við hefðbundna kennslu og gæti til dæmis nýst í lok vikunnar þegar markmiðið er að skapa léttari og fjölbreyttari kennslustund.

Með þessu er verið að nýta leikjavæðingu til að auka þátttöku nemenda, endurtaka námsefni og skapa jákvæða upplifun af íslenskunáminu.

Múli Kúltí testtest
Language Center 0 nemendur · 0 tengdir



KÓDI
J8XFTY leikur.multikulti.is/spila

TENGSTU Á

24

25

26

27

28

ENDIR

23

22

21

20

19

18

12

13

14

15

16

17

11

10

9

8

7

6

BYRJUN

1

2

3

4

5

Byrja 2. umferð

Ljúka leik


**Blátt lið**
Enginn í liði
0% rétt
stóð í stað
Sjá spurningar og svör

**Grænt lið**
Enginn í liði
0% rétt
stóð í stað
Sjá spurningar og svör

Spurning 1 af 5

21s

Hvar er U?



U er vinstra megin við Y

U er fyrir neðan G

U er fyrir neðan Y

U er fyrir neðan J

Samantekt á gæðastarfi

Gæðastarf MúltíKúltí hefur á tímabilinu einkennst af stöðugri þróun og endurskoðun. Helstu umbætur hafa falist í því að:

- endurskoða og dreifa námsefni betur milli námsstiga
- fjölga námsstigum úr sex í sjö
- þróa ný talnámskeið
- þróa sérhæfð námskeið fyrir ólíka starfshópa
- bæta við nýju kennslumáli
- útbúa ítarlega handbók fyrir kennara
- myndskreyta námsefnið
- bæta hljóðefni og aðgengi að framburði með QR-kóðum
- halda reglulega kennarafundi þar sem námsefni og kennsluhættir eru metnir
- þróa stafrænar málfræðiæfingar
- vinna að leikjavæðingu íslenskunáms

Þessar aðgerðir sýna að unnið er markvisst að því að bæta gæði námsins og laga starf skólans að þörfum nemenda og kennara. Áhersla er lögð á að nemendur fái nægilegt tækifæri til að æfa það sem þeir læra, að námsefnið sé skýrt og aðgengilegt og að kennarar hafi skýran ramma og nauðsynleg verkfæri til að sinna starfi sínu.

Framtíðarmarkmið gæðastarfsins eru að halda áfram þessari þróun með reglulegri endurskoðun námsefnis, áframhaldandi þróun stafrænna lausna og nýrra námskeiða og með því að nýta reynslu kennara og endurgjöf nemenda til að bæta námsupplifunina enn frekar.